

# Societas Gerontologica Islandica



Aðalfundur Öldrunarfræðafélagsins var haldinn  
fimmtudaginn 23. mars 2017 kl. 17:00- 19:00 á  
Hrafnistu í Reykjavík, sal Sjómannadagsráðs

Fundarstjóri: Sigurveig H. Sigurðardóttir  
Fundarritari: Sigurbjörg Hannesdóttir

## Dagskrá fundar

1. Skýrsla stjórnar og vísindasjóðs
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
3. Kosning stjórnar, sbr. 6.gr.
4. Kosning stjórnar vísindasjóðs félagsins, sbr. 8.gr.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs
6. Árgjald ákveðið
7. Lagabreytingar
8. Önnur mál

Að loknum aðalfundi fer fram úthlutun styrkja úr Vísindasjóði félagsins.

\*\*\*\*\*

1. Skýrsla stjórnar og vísindasjóð  
Sigurbjörg Hannesdóttir flutti skýrslu stjórnar.

Í stjórn á starfsárinu 2016-2017 sátu Sigurbjörg Hannesdóttir formaður, Ingibjörg Hjaltadóttir varaformaður, Ragnheiður Kristjánsdóttir ritari, Helga Björk Haraldsdóttir gjaldkeri og Laufey Jónsdóttir meðstjórnandi. Varamenn voru Steinunn Þórðardóttir og Ásta Kristín Gunnarsdóttir. Stjórnarfundir voru að jafnaði haldnir á 2. mánaðarfresti, með hléi yfir sumarmánuðina. Varamenn sátu ekki fundina.

Helstu verkefni stjórnar á tímabilinu

Vísindasjóður veitti 2 styrki á árinu eftir síðasta aðalfund og þeir voru:

Sigríður Ósk Ólafsdóttir; "Einmannaleiki meðal aldraðra á hjúkrunarheimilum á Íslandi"

Kristbjörg Sóley Hauksdóttir; "Eiga aldraðir áhyggjulaust ævikvöld?"

Rannsókn á viðhorfum, þekkingu og reynslu starfsfólks af ofbeldi gegn öldruðum inn á hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu"

# Societas Gerontologica Islandica

Við studdum ráðstefnu á vegum hjúkrunardeildar HÍ sem var fyrir stjórnendur og starfsfólk í öldrunarþjónustu. Hún var haldin 25.nóvember í Öskju. Uppselt var á ráðstefnuna. dr. Christine Mueller, prófessor við háskólann í Minnesota hélt tvö erindi, en hún hefur rannsakað og skrifað um áhrif mönnunar og hlutfalls fagfólks sem starfar í öldrunarþjónustu á gæði þjónustunnar og líðan íbúanna. Hún kynnti hvað rannsóknir hafa sýnt að er mikilvægt í þessum málum. Auk þess voru þrjú erindi á íslensku sem flutt eru af: Helgu Garðarsdóttur, deildarstjóra greiningardeildar hjá Sjúkratryggingum Íslands, Laura Scheving Thorsteinsson, Staðgengill sviðsstjóra sviðs eftirlits og gæða hjá Embætti landlæknis og Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun á Flæðissviði Landspítala og dósent við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

Blað um öldrunarhjúkrun.

Nemar í diplómanámi í öldrunarhjúkrun eru að gefa út bók um öldrunarhjúkrun og styrkti félagið útgáfu þess.

## **Undirbúningur hafinn fyrir Norrænu öldrunarráðstefnuna 2020 í Reykjavík**

Búið er að taka frá Hörpuna í lok maí og byrjun júní, á eftir að festa dagana.

Sigurbjörg fór á fundi með Meet in Reykjavík. Átak í því að gera Reykjavík að ráðstefnuborg. Þurfum að velja ráðstefnufyrirtæki. Höfum góða reynslu einnig af Congress Reykjavík. Ekki er búið að ráða ráðstefnufyrirtæki.

Stjórnin stefnir að því að fara til Oslóar 2018. Fulltrúar frá Osló koma einnig til Íslands 2019 til að deila af reynslu sinni og koma keflunu áfram. Ragnheiður og Sigurbjörg eru búnar að bjóða sig fram í framkvæmdanefnd. Búið að að kalla til fundar sem verður í þessum mánuði.

En er unnið að því að stjórnin bæta netfangalista félagsins og uppfæra félagatal. Í ár var fyrsta sinn sem aðalfundur er aðeins auglýstur á heimasíðu félagsins.

## **Norrænt samstarf**

Öldrunarfræðafélag Íslands er aðili að Nordisk Gerontologisk Forum (NGF), norrænum samtökum öldrunarfræðafélaga. Næsta NGF ráðstefna er í Osló 2.-4.maí 2018 og er þema ráðstefnunar: "Lessons of a life time" Hægt er skoða á heimasíðunni: [www.24.ngk.no](http://www.24.ngk.no)

Guðrún Reykdal flutti skýrslu vísindasjóðs.

Ingibjörg Hjaldadóttir, Ólöf Guðný Geirsdóttir og Guðrún Reykdal eru í nefndinni og vilja vera áfram. Guðrún sagði frá því að í ár bárust 2 umsóknir og fengu þær báðar styrk. Starfið í vísindasjóðnum hefur verið einfalt vegna góðrar starfsreglna og matsblaðs sem gert var fyrir nokkrum árum. Fyrirmyndin er frá LSH. Öll samskipti nefndarinnar voru í gegnum tölvupóst.

Styrkveitingar í ár voru eftirfarandi: Halldóru Arnardóttur: Listir og menning sem meðferð: íslensk söfn og Alzheimer.

Margrétar Guðnadóttur: Leiðir til að seinka flutningi á stofnun og auka stuðning við fjölskyldur: Samanburðarrannsókn á heimaumönnun aldraðra með heilabilun.

# Societas Gerontologica Islandica

2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar  
Ragnheiður Kristjánsdóttir kynnti reikninga félagsins.

Reikningar voru samþykktar á fundinum. Það voru gjaldkeraskipti í félaginu þetta vinnuárið og óskaði Helga Björk Haraldsdóttir að fara úr stjórn. Ragnheiður Kristjánsdóttir bauðst til að taka við gjaldkerastöðunni og því flytur hún skýrsluna í ár í samvinnu við formann og fyrrum gjaldkera. Það þarf að skoða bankamálin og að sameina reikninga. Rætt var um að fá utanaðkomandi aðstoð við þetta. Það kom ein spurning á fundinum og hún var hvort ráðstefnan 2020 væri tekjulind. Svar við því er já það er tekjulind ef vel gengur. Það var töluverður ágóði af ráðstefnunni 2010.

3. Kosning stjórnar, sbr. 6.gr.

Helga Björk Haraldsdóttir sálfræðingur fór úr stjórn sem aðalmaður og Sírý Sif Sigurlaugardóttir félagsráðgjafi bíður sig fram sem aðalmaður. Var það samþykkt einróma

Í stjórn sitja nú: Sigurbjörg Hannesdóttir iðjubjálfi formaður, Ingibjörg Hjaltadóttir hjúkrunarfræðingur varaformaður, Ragnheiður Kristjánsdóttir sjúkráðgjafi gjaldkeri, Laufey Jónsdóttir proskapjálfi ritari og Sírý Sif Sigurlaugardóttir félagsráðgjafi meðstjórnandi. Varamenn eru Steinunn Þórðardóttir og Ásta Kristín Gunnarsdóttir.

4. Kosning stjórnar vísindasjóðs félagsins, sbr. 8.gr.

Óbreytt – í stjórn vísindasjóðs sitja Ingibjörg Hjaltadóttir, Ólöf Guðný Geirsdóttir og Guðrún Reykdal

5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs

Óbreytt – skoðunarmenn eru Líney Úlfarsdóttir og Pétur Þorsteinsson.

6. Árgjald ákveðið

Sigurbjörg Hannesdóttir: stjórn leggur til að árgjald verði óbreytt 2000,- og það var samþykkt einróma.

7. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar

8. Önnur mál

# Societas Gerontologica Islandica

Spurning frá fundi: er flétta í gangi í stjórninni um fundarsetu, áhyggjur af því að allir geti gengið úr stjórn í einu. Er eitthvað slíkt í lögum. Formaður félagsins lofaði að athuga þetta en vissi ekki til um að sú flétta væri í lögum. Þetta verður skoðað þá næsta aðalfundi.

Fundi slitið og að loknum aðalfundi fer fram úthlutun styrkja úr Vísindasjóðs félagsins.

*Sigurbjörg Hannesdóttir*  
*Fundarritari*

Eftir að aðalfundi var slitið þá voru veittir voru styrkir úr Vísindasjóði félagsins og kynnti Margrét Guðnadóttir verkefni sitt: Leiðir til að seinka flutningi á stofnun og auka stuðning við fjölskyldur: Samanburðarrannsókn á heimaumönnun aldraðra með heilabilun.

Halldóru Arnardóttir sendi kærar kveðjur og tók Sírý Sif Sigurlaugardóttir á móti styrk hennar og sagði frá hennar starfi og verkefni: Listir og menning sem meðferð: íslensk söfn og Alzheimer.